

Alþingi
Erindi nr. P/138/764
komudagur 15.12.2009



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

Skrifstofa Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík 14. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257.mál

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. tók til umfjöllunar frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta á stjórnarfundinum 10. desember 2009 og bókaði eftirfarandi:

Orkuveita Húsavíkur ehf. mótmælir fyrirhuguðum umhverfis- og auðlindasköttum. Þessir skattar munu hafa í för með sér kostnaðarsamar breytingar á innheimtu- og bókhaldskerfi fyrirtækisins. Slíkt er þungur biti fyrir lítið veitufyrirtæki sem þegar er verulega aðþrengt í rekstri. Fyrirhuguð skattheimta á jarðefnaeldsneyti mun einnig hafa áhrif þar sem auðlindaskattur af heitu vatni frá Hveravöllum er tengdur við verð gasolíu til húshitunar. Verði frumvarpið að lögum mun Orkuveita Húsavíkur ehf. greiða hærra auðlindaskatta til viðbótar við nýja skattheimtu á smösöluverð heits vatns. Virðisaukaskattur leggst ofan á þessa nýju skatta. Óhjákvæmilegt er að þetta muni leiða til hærri verðs til notenda.

Bergur Elías Ágústsson
Stjórnarformaður

Aðalsteinn Á. Baldursson

Jón Grímsson

Guðrún Erla Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri

Orkuveita Húsavíkur
Ketilsbraut 9
640 Húsavík
Sími: 464-0900
Fax: 464-0901
Netfang: oh@oh.is
www.oh.is